

ÁRSSKÝRSLA

Rannsóknamiðstöðvar ferðamála 2025



RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ
FERÐAMÁLA

ICELANDIC TOURISM
RESEARCH CENTRE



© Rannsóknamiðstöð ferðamála 2026

Útgefandi: Rannsóknamiðstöð ferðamála, Norðurslóð 2 (E-hús - 206), IS-600 Akureyri
Rafpóstur: rmf@rmf.is
Veffang: www.rmf.is

Titill: Ársskýrsla Rannsóknamiðstöðvar ferðamála 2025
Ritstjóri: Vera Vilhjálmsdóttir
Prentun: Akureyri: Ásprent Prentmet Oddi ehf.

ISSN 2772-1043 (prentuð útg.)
ISSN 2772-1051 (rafræn útg.)

Forsíðumynd: Á Þingvöllum © Eyrún Jenný Bjarandóttir
Aðrar myndir nema annað sé tekið fram: © Starfsfólk RMF

Öll réttindi áskilin. Skýrslu þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

Efnisyfirlit

Ávarp stjórnarformanns	Bls.
RMF 2025	1
Um RMF	3
Aðalfundur stjórnar	4
Tímaritið Ferðamál á Norðurlóðum	5
Rannsóknaverkefni	6
Viðburðir	7
Rannsóknasamstarf	13
Útgefið efni	17
Fyrirlestrar og erindi	19
Rekstrarreikingur ársins 2025	20
	21

Ávarp stjórnarformanns



Þórhallur Örn Guðlaugsson

Ferðaþjónusta er ein af stærstu atvinnugreinum heims og hefur tekið góðan vaxtakipp eftir heimsfaraldurinn sem hófst 2019. Árið 2025 náði ferðaþjónusta góðum árangri en það ár var fjöldi ferðamanna um 1.5 milljarður. Þá er margt sem bendir til þess að hér sé ekki aðeins um vöxt hvað fjölda ferðamanna varðar heldur hafi greinin stuðlað að umtalsverðum hagvexti í mörgum heimshlutum. Sá vöxtur hefur verið knúinn áfram af aukinni eftirspurn, bættri flugtengingu og aukinni áherslu á ferðalög sem lífsstíl.

Margt bendir til þess að ferðaþjónustan haldi áfram að vaxa þó svo, þegar þetta er skrifað, mikil óvissa sé upp um þróun mála í Persaflóa. Áframhaldandi erjur á þeim slóðum mun hafa umtalsverð bein og óbein áhrif á ferðaþjónustu um allan heim. Árið 2025 var vöxtur ferðaþjónustunnar um 4% sem er nokkuð kunnugleg tala en rétt að hafa í huga að vöxtur ferðaþjónustu á Íslandi um og eftir 2012 var vel yfir þessari tölu með tilheyrandi vaxtaverkjum. Greinin hefur áhrif á atvinnusköpun, enda mannaflafrek, og er talið að eitt af hverjum þremur nýjum störfum í heiminum tengist ferðaþjónustu. Rétt eins og að vafasamt kann að vera að leggja mat á vöxt greinar út frá fjölda þeirra sem nota þjónustu þá kann einnig að vera vafasamt að leggja mat á stöðu greinar út frá fjölda starfa. Það eitt og sér getur ekki verið hið endanlega markmið í sjálfa sér. Eftir sem áður þá skiptir ferðaþjónustan máli.

Evrópa heldur stöðu sinni sem vinsælasta svæði heims, með lönd eins og Frakkland og Spán í fremstu röð. Í Asíu hefur Japan orðið einn mest vaxandi áfangastaðurinn og einnig hafa staðir eins og Sri Lanka, Marokkó og Karíbahafseyjar verið að styrkjast. Samhliða þessu hefur ferðamannatraumur aukist til minni þekktari svæða, meðal annars vegna þrængsla á vinsælustu stöðunum.

Margar skýringar hafa verið dregnar fram hver ástæðan fyrir þeim mikla vexti sem hófst í ferðaþjónustu hér á landi um 2012 var, s.s. eins og efnahagshrunið og eldgosið í Eyjafallajökli en þetta gæti hafa verið ein ástæðan. Helstu tækifæri greinarinnar liggja í nýsköpun, sjálfbærni og fjölbreytni. Tæknilausnir, stafrænar bókanir auk áherslna á sjálfbæra þróun skapa nýjar tekjulindir og geta bætt upplifun ferðamanna. Tæknin er í eðli sínu jákvæð en stundum getur slæm útfærsla haft neikvæð áhrif. Þá getur sérhæfð ferðamennska, svo sem vistvæn ferðalög og viðburðatengd ferðaþjónusta, boðið upp á mikla vaxtarmöguleika. Viðburður, eða atburður, getur þó vissulega verið þannig að um einskíptis viðburð er að ræða sem vekur upp margvíslegar spurningar um með hvaða hætti hægt er að undirbúa áfangastaðinn undir slíkt. Ágætt dæmi um þetta er það sem gerist hér á landi þann 12. ágúst 2026 en þá verður almyrkvi á sólu. Reynslan sýnir að atburður sem þessi er líklegur til að draga að sér marga gesti sem að sjálfsögðu þurfa á þjónustu að halda. Sú eftirspurn er þó líkleg til að vera það sem er kallað einskíptis eftirspurn og því getur verið snúið að útfæra með hvaða hætti á að mæta henni og hver á að bera þann kostnað sem því tengist. Greinin stendur frammi fyrir verulegum ógnunum. Geópólítísk átök, eins og stríð og óstöðugleiki geta haft mikil og tafarlaus áhrif. Þá er upplifuð umframeftirspurn víða orðið stórt vandamál með tilheyrandi áhrifum á innviði og andstöðu heimafólks.

Ísland er dæmi um lítið land þar sem vöxtur ferðaþjónustu hefur verið mjög hraður. Fram til þessa hefur landið notið vinsælda sökum einstæðrar náttúru, svo sem eldfjalla, jökla og norðurljósa, og er ferðaþjónustan orðin ein af lykilstöðum íslensks efnahags. Áskoranir eru þó svipaðar og hjá öðrum. Landið gæti styrkt stöðu sína með því að þróa heilsu- og náttúrutengda ferðaþjónustu, dreifa ferðamönnum betur um landið og lengja ferðatímabilið. Með markvissri stefnu er hægt að stefna áfram að vexti án þess að ganga á helstu auðlindir. Hvaða leiðir á að fara til þess er ekki augljóst og því eru rannsóknir mjög mikilvægar. Í hagnýtu tilliti er tilgangur rannsókna að "afla upplýsinga svo stjórnendur getir tekið betri ákvarðanir." Hér ætti Rannsóknamiðstöð ferðamála að gegna lykilhlutverki en hún hefur verið starfrækt óslitið frá 1999, eða í um og yfir 26 ár. Á þessum tíma hefur myndast mikil þekking og reynsla sem stjórnvöld og stjórnendur geta, og eiga, að nýta sér miklu mun betur en gert hefur verið. Stefnuleysi hvað rannsóknir á ferðaþjónustu varðar er fyrir þessa grein, rétt eins og aðrar, mjög hættuleg. Þegar stakkur þrængist mun enn og frekar á það reyna.

Fyrir hönd stjórnar þakka ég öllu starfsfólki RMF fyrir mjög góð störf á árinu og þakka lærdómsríkt og ánægulegt samstarf. Án ykkarværi þessi starfsemi einfaldlega ekki til.

Dr. Þórhallur Örn Guðlaugsson, prófessor
Stjórnarformaður Rannsóknamiðstöðvar ferðamála (RMF)



Akranesviti

RMF 2025



Guðrún Þóra Gunnarsdóttir

Árið 2025 hófst með kunnuglegu ákalli um aukið fjármagn til eflingar rannsókna á sviði ferðamála. Þann 4. janúar birtist í Vísi skoðunargreinin Um eflingu rannsóknainnviða ferðaþjónustunnar sem rituð var af þeim Gunnari Þór Jóhannessyni (Háskóla Íslands) Magnúsi Hauki Ásgeirssyni (Háskóla Íslands), Edward H. Huijbens (Wageningen háskóla) og undirritaðri. Í greininni var skorað á þá ríkisstjórn sem tók við völdum í lok árs 2024 að gera bragarbót á fjármögnun rannsókna, svo rannsakendur geti lagt sitt á vogarskálarnar í þekkingarsköpun og velsæld fyrir íslenska ferðaþjónustu.

Því miður var þetta árangurslaust ákall og árið 2025 reyndist RMF þungt í skauti rekstrarlega séð. Erfiðlega gekk að afla verkefnastyrkja og þeir sem fengust voru í smærri kantinum. Afleiðingin var meðal annars sú að fækka þurfti í starfslíði RMF og ekki var hægt að framlengja samning við Írisi H. Halldórsdóttur sem starfað hafði við RMF frá 2018. Um mitt ár var dr. Johannes Welling ráðinn á verkefnastyrk í 20% stöðu til þriggja ára í tengslum við þátttöku RMF í verkefni sem fjármagnað er af Interreg áætlun Evrópusambandsins. Aðrar breytingar urðu ekki á starfslíði RMF.

Ljóst er að viðvarandi óvissa um fjármögnun verkefna og takmörkuð grunnfjármögnun ógnar tilverurétti RMF. Árið 2012 fékk RMF í fyrsta sinn framlag á fjárlögum, fyrst með þriggja ára tímabundnu framlagi frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu, 30 milljónir á ári. Árið 2015 var framlagið fest í

sessi og hefur síðan þá verið óbreytt krónutala upp á krónum 34,700.000 sem þýðir að framlagið hefur rýrnað um tæp 60% eða 20 milljónir ef miðað er við verðlagsþróun til dagsins í dag. Á sama tímabili fór fjöldi erlendra ferðamanna úr um 1,3 milljónum í 2,3 milljónir skv. mælingum Ferðamálastofu (aukning um 77%) og eru þá ótaldir farþegar skemmtiferðaskipa. Hlutfall ferðaþjónustu af vergri landsframleiðslu hækkaði úr 6,5% (2015) í 8,7% (2025) enda er atvinnugreinin ein af burðarstöðum íslensks atvinnulífs og stendur undir nærri 30% útflutningstekna skv. mælingum Hagstofu Íslands.

Það tekur tíma að byggja upp þekkingu og skilning á hinum ólíku viðfangsefnum ferðamálafræðinnar og reynsla og samfella í störfum skiptir þar lykilmáli. Um leið ber að horfast í augu við það að RMF er lítil starfseining og getur því ekki ein og sér tekið á öllum þeim fjölbreyttu áskorunum sem við Íslandi blasa á sviði ferðamála. Það er þó ljóst á verkefna- og viðfangslista RMF að starfsmenn koma víða við í rannsóknum sínum.

Tímaritið Ferðamál á Norðurslóðum er enn að festa sig í sessi og þó nokkur tími fór í vinnu í kringum greinarköllin tvö fyrir sérhefti; annars vegar um nærandi ferðaþjónustu og hins vegar um gerð heimskaupsvæða. Þegar greinar koma inn þarf að kanna hvort þær uppfylla almenn skilyrði tímaritsins, til dæmis að skýr norðurslóðatenging sé fyrir hendi. Að því loknu þarf að finna tvo ritrýna sem eru tilbúnir til þess að taka tíma í vel ígrundaða rýni. Í flestum tilfellum þurfa höfundar svo að bregðast við mis ítarlegum athugasemdum og senda aftur inn uppfærða grein. Þetta ferli getur oft tekið býsna langan tíma. Þegar greinar eru komnar í útgáfuferli eru ýmis handtök við frágang og uppsetningu. Útgáfa fræðitímarits er mikið lærdómsferli og ákveðin áskorun fyrir jafn litla einingu og RMF er. Bakhjarlar tímaritsins eru Háskóli Íslands, Háskólinn á Hólum, Háskólinn á Akureyri og Ferðamálastofa og skiptir sá stuðningur öllu máli – án hans gæti RMF ekki haldið tímaritinu úti. Hlutverk RMF er að styðja við starf ritstjórnar og er Þórný Barðadóttir í hlutastarfi við tímaritið. Að auki er ritstjórn skipuð úrvals fólki og er þeim hér með þakkað fyrir þeirra mikilvæga framlag.

Í ferðamálastefnu stjórnvalda og tengdri aðgerðaráætlun sem gefnin var út í lok árs 2024 er umfjöllun um rannsóknir og gögn fyrirferðamikil og skýrt kveðið á um mikilvægi þess að efla ferðamálarannsóknir hvers konar. Hlutverk RMF er að efla rannsóknir og vera vettvangur sem hvetur til gagnrýnnar umræðu um íslenska ferðaþjónustu og stuðla þannig að því að hún verði jákvætt afl fyrir íslenskt samfélag. Afar brýnt er að efla enn frekar grunnfjármögnun RMF og stuðla þannig að stöðugleika og samfellu í þeim mikilvægu rannsóknum sem miðstöðin sinnir.

Guðrún Þóra Gunnarsdóttir
Forstöðumaður RMF

Um RMF

RMF – Rannsóknamiðstöð ferðamála – er miðstöð rannsókna, fræðslu og samstarfs í greinum sem tengjast ferðamálum. RMF er starfrækt af Háskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri og Háskólanum á Hólum í samstarfi við Samtök ferðapjónustunnar og Ferðamálastofu.

Stefna RMF er að efla rannsóknir og skilning á áhrifum ferðamennsku á hagkerfi, samfélag og umhverfi. Öflugar rannsóknir eru forsenda markvissrar stefnumótunar, áætlunargerðar og markaðssetningar í greininni. Markmið RMF er að skapa þekkingargrunn sem byggir undir og styður við ábyrga ferðapjónustu og ferðamennsku.

Markmið RMF eru að:

- efla og bæta rannsóknir í ferðamálum á Íslandi
- stuðla að samvinnu háskólanna sem að miðstöðinni standa á sviði ferðamála
 - efla samstarf og samtál við atvinnugreinina og aðra hagsmunaaðila
- stuðla að samstarfi innlendra og erlendra rannsækenda á sviði ferðamála
 - gefa út skýrslur og miðla niðurstöðum rannsókna í ferðamálafræðum
 - gangast fyrir ráðstefnum og fyrirlestrum í ferðamálafræðum

Aðalskrifstofa RMF er við Háskólann á Akureyri en frá árinu 2012 hefur RMF einnig haft skrifstofu við Háskóla Íslands.



Aðalskrifstofa RMF er á 7. hæð á Borgum, Norðurslóð 4



Skrifstofa RMF í Reykjavík er á 2. hæð í Tæknigarði, húsi Háskóla Íslands.

Starfsfólk RMF

- Guðrún Þóra Gunnarsdóttir, forstöðumaður 100%
- Ása Marta Sveinsdóttir, sérfræðingur 100%
- Eyrún Jenný Bjarnadóttir, sérfræðingur 100%
- Johannes Welling, sérfræðingur 20%
- Vera Vilhjálmsdóttir, sérfræðingur 100%
- Þórný Barðadóttir, sérfræðingur 75%
- Gyde Rudolph, aðstoðarmaður, hlutastarf febrúar – júní

Starfsnemar RMF 2025



Rike Nissen,
Trier Háskólinn,
Þýskalandi



William Danso,
Prince Edward Island
Háskólinn, Kanada

Stjórn RMF

Í árslok 2025 sátu í stjórn Rannsóknamiðstöðvar ferðamála:

- Þórhallur Örn Guðlaugsson, frá Háskóla Íslands, formaður stjórnar
- Rannveig Ólafsdóttir, frá Háskóla Íslands
- Bragi Guðmundsson, frá Háskólanum á Akureyri
- Hafdís Björg Hjálmarsdóttir, frá Háskólanum á Akureyri
- Ingibjörg Sigurðardóttir, frá Háskólanum á Hólum
- Unnur Svavarsdóttir, frá Samtökum ferðapjónustunnar
- Heiðrún Erika Guðmundsdóttir, frá Ferðamálastofu

Stjórnarfundir voru 5 á árinu.

Aðalfundur stjórnar

Aðalfundur Rannsóknamiðstöðvar ferðamála (RMF) fór fram þriðjudaginn 3. júní í húsi Byggðastofnunar á Sauðárkróki. Fyrir fundinn tóku Sigurður Árnason og Hanna Dóra Björnsdóttir, sérfræðingar á þróunarsviði stofnunarinnar á móti stjórn og starfsfólki RMF og kynntu starfsemi og verkefni Byggðastofnunar. Í kjölfarið kynntu Hólmfríður Sveindóttir rektor Háskólans á Hólum og Árni Gunnarsson fulltrúi Fjölbrotaskóla Norðurlands vestra hugmyndir um nýja þekkingargarða á Sauðárkróki. Að lokum fluttu þau Áskell Heiðar Ásgeirsson og Ingibjörg Sigurðardóttir frá ferðamáladeild Háskólans á Hólum erindi um rannsóknir í viðburðastjórnun.

Að loknum kynningum var gengið til aðalfundar RMF undir stjórn Þórhalls Arnar Guðlaugssonar formanns stjórnar. Guðrún Þóra Gunnarsdóttir forstöðumaður RMF kynnti ársskýrslu og starfsáætlun miðstöðvarinnar og Harpa Halldórsdóttir, sérfræðingur fjármálagreininga hjá Háskólanum á Akureyri fór yfir ársreikning 2024. Auk stjórnar og forstöðumanns sátu Ása Marta Sveinsdóttir, Eyrún Jenný Bjarnadóttir og Vera Vilhjálmisdóttir sérfræðingar hjá RMF fundinn.

Að fundi loknum snæddu fundargestir hádegisverð á Gránu Bistró og heimsóttu sýninguna 1238: Baráttan um Ísland. Stjórn og starfsfólk RMF þakkar kærlega fyrir hlýjar móttökur og áhugaverðar kynningar á Sauðárkróki.



Svipmyndir frá aðalfundir RMF 2025

Tímaritið Ferðamál á Norðurslóðum

Tímaritið Ferðamál á Norðurslóðum festir sig hægt og rólega í sessi og árið 2025 voru í gangi greinarköll fyrir tvö sérhefti og í kjölfarið hófst ritrýni ferli. Annars vegar var um að ræða opið greinakall í sérhefti um nærandi ferðabjónustu og hins vegar lokað greinakall meðal þátttakenda á áttundu ráðstefnu International Polar Tourism Research Network (IPTRN) sem haldin var í Svíþjóð í júní 2024.

Alls voru birtar tvær fræðigreinar og tveir rannsóknarpistlar í sérhefti um nærandi ferðabjónustu auk inngangs og lokakafla. Þar fyrir utan var ein almenn fræðigrein birt árið 2025 og átta greinar voru í ritrýni fyrir sérhefti IPTRN. Tveimur greinum var hafnað eftir ritrýni.

Tímaritið Ferðamál á norðurslóðum er gefið út af RMF en útgáfan er samstarfsverkefni Háskóla Íslands, Háskólans á Hólum, Háskólans á Akureyri og Ferðamálastofu. Hlutverk RMF er að styðja við starf ritstjórnar og Þórný Barðadóttir er í hlutastarfi við tímaritið.

Í ritstjórn tímaritsins sitja:

- Dr Edward Huijbens, Wageningen háskóla
- Dr Jessica Aquino, Háskólanum á Hólum
- Dr Marías Gestsson, Háskóla Íslands
- Dr Rannveig Ólafsdóttir, Háskóla Íslands
- Dr Verena Karlsdóttir, Háskólanum á Akureyri

Call for Papers for a Special Issue in
Journal of Arctic Tourism
www.arctictourism.is

**Regenerative Tourism
in Arctic and Nordic Geographies**

Guest Editors: Jessica Aquino - Magdalena Falter - Francesc Fusté-Forné

Timeline:

- ✓ Submission of full papers until December 2024
- ✓ Submit via email to: jessica@holar.is / francesc.fusteforme@udg.edu
- ✓ Publication of Special Issue (online only): July 31, 2025 (tentative)

For detailed information and full call for the Special Issue, please visit
<https://www.rmfi.is/en/arc-tour-journal/arc-tour-special-issue-regenerative-tourism>

The Guest Editors:
Jessica Aquino, Associate Professor, Holar University, Department of Rural Tourism
Magdalena Falter, Ph.D candidate, University of Iceland, Department of Geography and Tourism Studies, Institute of Life and Environmental Sciences
Francesc Fusté-Forné, Associate Professor, University of Girona, Department of Business (Catalonia, Spain); Centre for Innovation and Research in Culture and Living in the Arctic (CIRCLA), Aalborg University (Denmark); Sustainability and Resilience Institute New Zealand (New Zealand)



The 8th IPTRN conference and community tour took place from 5th - 9th June 2024, starting and ending in Luleå, Swedish Lapland.

The theme for IPTRN 8 was *Making Polar Areas*, addressing the various ways in which polar areas are undergoing change (spatially, environmentally, politically, etc.).

Below, you can watch a compilation video of the event, read the programme, and see images taken by the participants.

Selected research contributions from IPTRN 8 will be published in a special issue of *The Journal of Arctic Tourism*, scheduled for publication at the end of 2025.


Rannsóknaverkefni

Akstursferðamennska um fáfarnar slóðir

Rannsókn sem beindist að áhrifum skilgreindra ferðamannaleiða og ástands innviða á umferð ferðamanna um dreifbýli. Forsendur rannsóknar voru mikilvægi samgöngumannvirkja í uppbyggingu ferðabjónustu og leiðahefð jafnt umferðar ferðamanna sem opinberra fjárfestinga í samgöngumálum. Meginmarkmið rannsóknarinnar var að skoða hlut markaðssettra ferðamannaleiða í dreifingu ferðamanna og gerð og ástandi vegakerfis í vali ferðamanna á ferðaleiðum. Tilvik rannsóknar voru tvö svæði á Norðurstrandaleið sem er fyrsta markaðssetta ferðamannaleið landsins. Rannsóknarsvæðin voru tvö dreifbýlissvæði leiðarinnar, Vatnsnes á vesturenda hennar og Melrakkaslétta á henni austanverðri.

Helstu niðurstöður sýna að Norðurstrandarleið er enn sem komið er ekki vel þekkt meðal ferðamanna sem fara um dreifbýli Norðurlands. Þá sýna niðurstöður einnig að þrátt fyrir að ferðamenn meti malarvegi svæðanna þökkalega til aksturs þá telja þeir einnig að af þeim staði hætta varðandi umferðaröryggi og þægindi á ferðalögum. Þá sýna niðurstöður að þrátt fyrir að margt sé líkt með svæðunum tveimur er einnig fjölmargt sem aðgreinir þau.

Rannsóknin hlaut styrk úr Rannsóknasjóði Vegagerðarinnar við úthlutun ársins 2024 og lauk með útgáfu [niðurstöðuskýrslu](#) vorið 2025. Umsjón með verkefninu hafði Þórný Barðadóttir.



Ferðaleiðir um fámenn svæði. Aðkoma og sýn heimafólks á uppbyggingu ferðamannaleiða

Rannsókn sem beindi sjónum að samfélagslegum þáttum ferðamannaleiða sem fara um jaðarsvæði íslenskrar ferðabjónustu. Tilvik rannsóknar var Norðurstrandarleið sem beinir ferðamönnum um hina 900 km löngu strandlengju Norðurlands. Til rannsóknar voru tvö af fámennustu svæðum leiðarinnar, Vatnsnes og Melrakkaslétta. Þar fara ferðamenn að hluta um einhver dreifbýlustu svæði landsins og ferðast til þess um jafnt uppbyggða sem fábrotta og lítt viðhaldna malarvegi.

Tilgangur rannsóknar var að fanga sýn heimafólks á tilurð Norðurstrandarleiðar og aðkomu þeirra að útfærslu hennar í aðdraganda markaðsetningar leiðarinnar. Í rannsókninni var jafnframt leitast við að fanga sýn heimafólks á áhrifum og möguleikum leiðarinnar til atvinnuuppbyggingar í ferðabjónustu og tengdum greinum.

Niðurstöður sýna að ekki reyndist hafa verið mikil almenn þátttaka í héraði í aðdraganda og undirbúningi Norðurstrandarleiðar en heimafólk er engu að síður almenntfremur jákvætt en neikvætt gagnvart ferðabjónustu og mögulegri nýtingu Norðurstrandarleiðar til uppbyggingar ferðabjónustu í héraði. Þó benda niðurstöður jafnframt til þess að nokkur óvissa ríki um leiðina auk þess sem heimafólk hefur töluverðar áhyggjur af innviðum svæðanna í tengslum við aukna umferð ferðamanna.

Rannsóknin hlaut styrk úr Bygðarannsóknasjóði við úthlutun ársins 2024 og henni lauk með kynningum á rannsóknarsvæðunum tveimur og útgáfu [niðurstöðuskýrslu](#) vorið 2025. Þórný Barðadóttir hafði umsjón með verkefninu.



Dagverðarnes á Fellsströnd, Dalabyggð

Ferðabjónusta í samhengi

Samstarfsverkefni styrkt af NORA sem snýr að mótun ferðamálastefnu fyrir valda áfangastaði; Ándelsnes í Noregi, Dalabyggð á Íslandi og Suðuroy í Færeyjum. Markmið rannsóknarinnar er að styðja við stefnumótun fyrir sjálfbæra þróun í ferðabjónustu með sérstaka áherslu á að samræma stefnuna gildum og þörfum íbúa áfangastaðanna. RMF leiðir verkefnið en aðrir samstarfsaðilar eru Robert Gordon háskólinn á Orkneyjum, Háskólinn á Hólum, Háskólinn í Færeyjum, Háskólinn í Molde, Noregi og Samgöngu- og hagfræðistofnun Noregs. Verkefnið hófst 1. september 2025 og lýkur 31. ágúst 2026.

Ása Marta Sveinsdóttir hefur umsjón með verkefninu fyrir hönd RMF.



Akureyrarkirkja

Landamerakönnun á Akureyrarflugvelli

Könnun meðal erlendra ferðamanna í beinu millilandaflugi frá Akureyrarflugvelli veturinn 2024-2025, unnin í samstarfi við Isavia, Markaðsstofu Norðurlands og Austurbrú með stuðningi frá atvinnuvegaráðuneytinu. Markmið könnunarinnar var að afla upplýsinga um ferðavenjur, útgjöld og upplifun ferðamanna sem nýttu sér beint millilandaflug frá Norðausturlandi að vetrarlagi. Sérstök áhersla var á að kanna hvort og hvernig beinar flugsamgöngur stuðla að aukinni dreifingu ferðamanna og styrkingu ferðaþjónustu utan höfuðborgarsvæðisins yfir vetrarmánuðina.

Könnunin leiddi í ljós að meirihluti ferðamanna dvaldi að mestu leyti á Norðurlandi og heimsótti meðal annars Akureyri, Goðafoss og Mývatn. Lítil hluti svarenda heimsótti Austurland en fór þá helst til Egilsstaða, að Hengifossi og Stuðlagili. Dvalartími á Austurlandi var að jafnaði styttri en á Norðurlandi en upplifunin var engu að síður mjög góð. Ferðamenn lýstu almennri ánægju með náttúru og þjónustu á báðum svæðum. Náttúran, kyrrðin og norðurljósin var helsta aðdráttarafið og meðmælaskor var hátt. Margir þátttakendur sögðust líklega ekki hafa komið á Norður- og Austurland nema vegna beinna flugsamgangna sem undirstrikar mikilvægi millilandaflugs fyrir ferðaþjónustu utan suðvesturhorns landsins.

Verkefninu lauk með útgáfu [skýrslu](#) vorið 2025
Umsjón með verkefninu hafði Eyrún Jenný Bjarnadóttir.

Lýðvísindi í Hvalaskoðunarferðum: leið til aukinnar sjálfbærni og samkeppnishæfni?

RMF hlaut styrk úr Vísindasjóði Háskólans á Akureyri fyrir rannsókn um samstarf íslenskra hvalaskoðunarfyrtækja og hvalarannsakenda á sviði lýðvísinda (e. citizen science). Í rannsókninni var kannað hvort og hvernig ferðaþjónusta og fræðasamfélagið vinnur saman á gagnkvæman hátt til að stuðla að aukinni þekkingu, sjálfbærni og verndun náttúruauðlinda. Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu meðal annars að hvalaskoðun getur verið mikilvægur vettvangur fyrir vísindamiðlun og náttúruvernd. Rannsakendur sáu skýran ávinning í því að nota lýðvísindi í rannsóknnum sínum og ferðamenn sýndu líka mikinn áhuga á að taka þátt í slíkri starfsemi. Þetta bendir til þess að tækifæri séu til staðar til að þróa enn frekar ferðaþjónustu sem byggir á þátttöku almennings í rannsóknnum og stuðlar þannig að sjálfbærni, aukinni þekkingu og umhverfisvitund. Rannsóknin var styrkt af Vísindasjóði HA.

Verkefninu lauk í lok nóvember með útgáfu [skýrslu](#). Í tengslum við verkefnið var einnig unnin [samantekt](#) um þátttöku ferðamanna í vísindum á Íslandi

Ása Marta Sveinsdóttir hafði umsjón með verkefninu.



Ferðamenn í hvalaskoðunarferð



Listasafn Íslands. Mynd: Rike Nissen.

Menningarferðamenn í Reykjavík

Menningarferðamenn í Reykjavík er pilot verkefni RMF þar sem ferðavenjur og viðhorf ferðamanna sem heimsækja söfn, sýningar og setur á höfuðborgarsvæðinu er rannsakað. Verkefnið er unnið í samvinnu við Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins (Visit Reykjavík) og Rannsóknasetur skapandi greina. Verkefnið hófst í nóvember 2025 og því líkur í apríl 2026.

Könnun var lögð fyrir ferðamenn á þremur söfnum í Reykjavík með það að markmiði að fá betri innsýn í hvað einkenni þennan markhóp, hvað dragi þá inn á söfnin og hver upplifun þeirra sé af heimsókninni. Tilgangur verkefnisins er einnig að öðlast betri skilning á viðhorfum ferðamanna til menningartengdrar afþreyingar á höfuðborgarsvæðinu.

Vera Vilhjálmstöttir, verav@rmf.is, hefur umsjón með verkefninu en Rike Nissen, starfsnemi hjá RMF, er starfsmaður verkefnisins.



Útsýnispallurinn á Þingvöllum

RETURN: Efnahagslegur ávinningur ferðaþjónustu til eflingar byggðar á norðurslóðum

RETURN er þriggja ára samstarfsverkefni sem er fjármagnað af Interreg áætlun Evrópusambandsins, the Northern Periphery and Arctic (NPA). Sex rannsóknastofnanir og háskólar á NPA-svæðinu taka þátt og samanstandur hópurinn af sérfræðingum frá Íslandi, Grænlandi, Færeyjum, Svíþjóð, Írlandi og Finnlandi. Að auki koma aðilar frá Skotlandi og Noregi að verkefninu án þess að vera styrkþegar.

Lykilmarkmið verkefnisins er að aðstoða sveitarfélög og yfirvöld við að þróa gagnsæjar og skilvirkar aðferðir til að nýta tekjur af ferðaþjónustu í innviðauppbýggingu, náttúruvernd og bættu þjónustu. Þetta tryggir ekki aðeins sanngjarna dreifingu ávinnings ferðaþjónustu heldur stuðlar einnig að aukinni ábyrgðarkennd og þátttöku ferðamanna.


Dagana 20. – 22. maí var RETURN verkefninu hrint úr vör með þriggja daga vinnufundi í Reykjavík. Dagur eitt var lokaður fundur verkefnahópsins þar sem starf næstu mánaða var skilgreint og rætt. Dagur tvö var opið málþing þar sem þátttakendur í RETURN kynntu stöðu mála í sínum löndum en einnig voru nokkrir fyrirlestrar frá íslenskum hagaðilum sem ræddu m.a. reynsluna af gistináttaskattinum, álögur á skemmtiferðaskip og fyrirhugaða gjaldheimtu stjórnvalda. Á degi þriðju var farið í skoðunarferð um Gullna hringinn þar sem mismunandi innheimtuleiðir voru skoðaðar og ræddar. Heimsóknin hófst á Þingvöllum þar sem bílastæðagjöld í Þjóðgarði voru rædd og hvaða máli þau hafa skipt fyrir uppbyggingu innviða í Þjóðgarðinum. Þá var haldið á Geysi og þar voru bílastæðagjöld einnig rædd en þar eru þau í höndum einkaaðila. Að lokum var farið í Kerfið þar sem innheimt eru komugjöld. Vettvangsferðin var gott innlegg í viðfangsefni RETURN þar sem markmiðið er að rýna í mismunandi aðferðir við innheimtu skatta, gjalda og leyfa í ferðaþjónustu og með hvaða hætti sú innkoma nýtist viðkomandi samfélögum.

Verkefnið er leitt af háskólanum í Lapplandi í Rovaniemi en fulltrúar RMF í RETURN eru Dr. Johannes Welling, rannsakandi og Guðrún Þóra Gunnarsdóttir, forstöðumaður. Aðrir samstarfsaðilar RMF í verkefninu eru Samband íslenskra sveitarfélaga og Markaðsstofa Vesturlands.

Samfélagsleg áhrif millilandaflugs frá Akureyri

Markmið könnunarinnar var að afla upplýsinga um hvernig íbúar upplifa áhrif millilandaflugs á svæðið, hvort það hafi áhrif á þeirra eigin ferðavenjur og hvernig þeir meta ávinninginn af beinu flugi frá Akureyri. Könnunin hófst í árslok 2024 og lauk henni vorið 2025.

Verkefnið var undir stjórn Þórodds Bjarnasonar, prófessors við Háskólann á Akureyri en Eyrún Jenný Bjarnadóttir sérfræðingur RMF hafði umsjón með gagnaöflun. Verkefnið var unnið í samstarfi við Háskólann á Akureyri, Háskóla Íslands, Markaðsstofu Norðurlands og Austurbrú.



Eyjafjörður



Útilistaverkið Eilífðardraumurinn e. Ólaf Þórðarson við frárennslu Fljótsdalsstöðvar

Viðhorf ferðamanna til virkjana og mannvirkja við Kárahnjúka

Sumarið 2025 stóð RMF fyrir spurningakönnun á viðhorfum ferðamanna til virkjana og annarra mannvirkja á starfssvæði Fljótsdalsstöðvar á Austurlandi. Markmið könnunarinnar var að varpa ljósi á upplifun ferðamanna af svæðinu og meta áhrif mannvirkja á upplifun þeirra. Verkefnið er framhald af sambærilegri könnun sem fram fór á Blöndu- og Þjórsársvæðum sumarið 2024.

Niðurstöður könnunarinnar, sem fór fram við Kárahnjúkastíflu, sýndu að meirihluti ferðamanna kom til að upplifa náttúru og óbyggð víðerni og að upplifun af svæðinu var almennt mjög jákvæð. Mannvirki á svæðinu höfðu að jafnaði ekki neikvæð áhrif á ferðaupplifun en stíflan og virkjunin sjálf voru mikilvægur hluti af upplifuninni.

Skýrslu um niðurstöður könnunarinnar má finna [hér](#) á heimasíðu RMF. Í skýrslunni var einnig gerður samanburður við fyrri rannsóknir RMF við Blöndu, Þjórsá og Þeistareyki. Sá samanburður sýnir að upplifun ferðamanna af virkjanasvæðum er fjölbreytt og mótast af staðbundnum aðstæðum, landslagi og samhengi.

Rannsóknin var unnin fyrir Landsvirkjun. Gagnaöflun var í umsjá Vatnajökulsþjóðgarðs en Eyrún Jenný Bjarnadóttir stýrði rannsókninni fyrir hönd RMF.

UPLIFT: Tækifæri í bókmennta- og kvikmyndaferðabjónustu leyst úr læðingi

UPLIFT (e. Unlocking the potential of immersive literary and film tourism in Europe) er evrópskt samstarfsverkefni styrkt af evrópsku styrkjaáætluninni Erasmus+ til tveggja ára (2024-2026). RMF leiðir verkefnið fyrir hönd Háskólans á Akureyri en aðrir samstarfsaðilar koma frá fimm fyrirtækjum og menntastofnunum á Írlandi, Danmörku, Litháen og Slóveníu.


Markmið verkefnisins er að leggja áherslu á gagnvirkar og stafræna lausnir og nýsköpun innan bókmennta- og kvikmyndaferðabjónustu í Evrópu og auka færni ferðabjónustuaðila sem vilja nýta sér tækninýjungar á borð við VR/AR/AI í sínu starfi. Í því skyni munu samstarfsaðilar UPLIFT útbúa kennsluefni og halda vinnustofur. Með því vill UPLIFT brúa bilið milli fræðilegrar þekkingar og notkunar þegar kemur að nýtingu sýndarveruleika, gervigreindar og viðbótarveruleika innan bókmennta- og kvikmyndaferðabjónustu.

Á árinu litu fyrstu afurðir UPLIFT dagsins ljós í formi tveggja skýrslna. Sú fyrri er rannsóknarskýrsla sem kortleggur helstu þróun, tækifæri og áskoranir á þessu sviði í ferðabjónustu og menntageiranum en fyrir skýrsluna voru tekin viðtöl við ýmsa sérfræðinga og hagaðila í öllum samstarfslöndunum. Seinni skýrslan er samansafn af dæmum víðsvegar að úr Evrópu sem sýnir hvernig stafræn og gagnvirk tækni er nú þegar notuð til að auka upplifun gesta á sviði kvikmynda- og bókmenntaferðabjónustu. Samstarfsaðilar hittust einnig á vinnufundi í Vilnius, Litháen í október 2025 þar sem síðara starfsár verkefnisins var skipulagt.

Vera Vilhjálmisdóttir leiðir verkefnið fyrir hönd RMF.



Samstarfsaðilar UPLIFT fengu leiðsögn um húsnæði Tækniháskólans Vilnius Gediminas á verkefnafundi í október 2025



Ferðamenn við Öxará

Fréttaskot RMF

WeLead lauk með góðum árangri

Evrópska samstarfsverkefninu We Lead, sem snerist um að efla leiðtogaþæfni kvenna í ferðaþjónustu, lauk formlega í janúar 2025. Verkefnið var styrkt af evrópsku styrkjaáætluninni Erasmus+ til tveggja ára (2022-2024). RMF leiddi verkefnið fyrir hönd Háskólans á Akureyri en Kennslumiðstöð HA kom einnig að verkefninu. Aðrir samstarfsaðilar komu frá fimm fyrirtækjum og menntastofnunum á Íslandi, Danmörku, Írlandi og Spáni.

Verkefnið og afurðir þess voru metnar af sérfræðingum Erasmus+ og hlaut verkefnið 90 stig af 100 mögulegum og Landskrifstofan á Íslandi skráði það því sem árangursríkt verkefni og mun kynna það sem gott dæmi um Erasmus+ verkefni. Samstarfsaðilar We Lead voru mjög ánægðir með að sú mikla vinna sem var lögð í fræðsluefnið skilaði sér.

Markmið verkefnisins var að útbúa kennsluefni sem miðaði að því að efla leiðtogaþæfni kvenna í ferðaþjónustu, ekki síst þegar kemur að þeim brynu úrlausnum og viðbrögðum sem þarf að leggja í vegna loftslagsbreytinga í heiminum. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar um verkefnið og allt fræðsluefnið sem útbúið var í tengslum við það á [heimasíðu We Lead](#) – en efnið er allt aðgengilegt í opnum aðgangi og á þremur tungumálum: íslensku, ensku og spænsku.



Samstarfsaðilar WeLead á verkefnafundi á Írlandi, nóvember 2023

Heimsókn frá Susquehanna háskólanum í USA

Í júní sótti hópur bandarískra nemenda RMF heim og fékk fyrirlestur um ferðaþjónustu á Íslandi sem Guðrún Þóra, forstöðumaður RMF hélt.

Um var að ræða nemendur frá Susquehanna háskólanum í Pennsylvania sem taka þverfræðilegt námskeið um Ísland og íslenska menningu. Námskeiðið hefst á sjö vikna undirbúningsnámskeiði áður en haldið er til Íslands í tveggja vikna vettvangsferð um Ísland þar sem nemendur sitja fyrirlestur um fjölbreytt viðfangsefni og skoða þekktu sögustaði og náttúruperlur. Að lokum sitja þeir annað sjö vikna námskeið þar sem unnið er úr Íslandsferðinni.

Það er vettvangsakademían Svartárkot, náttúra og menning sem hefur veg og vanda að skipulagningu námskeiðsins hér á Íslandi og hafa nemendahópar frá Susquehanna háskólanum komið hingað um árabíl.



Nemendahópurinn frá Susquehanna sumarið 2025

Styrkur frá norðurslóðaáætlun Rannís

Rannsóknamiðstöð ferðamála (RMF) hlaut styrk frá norðurslóðaáætlun Rannís - Arctic Studies and Research en sjóðurinn styður samstarf íslenskra og norskra stofnana við undirbúningsvinnu umsókna í alþjóðlega samkeppnissjóði. Slíkir styrkir gera RMF kleift að efla alþjóðlegt samstarf og þróa spennandi rannsóknaverkefni.

Ása Marta Sveinsdóttir, sérfræðingur hjá RMF, heimsótti Nord háskóla í Bodø í Noregi í byrjun árs þar sem hún vann með Hindertje Hoarau-Heemstra, dósent við félagsvísindadeild skólans, að undirbúningi nýrrar umsóknar. Ferðin markaði fyrsta skrefið í ferlinu, en Hindertje kom síðan í heimsókn til RMF í maí til að vinna frekar að umsókninni með Ásu áður en umsóknin var send inn.

Ása og Hindertje unnu áður saman að rannsókninni *Sjálfbærni móttökusvæða skemmtiskipa á norðurslóðum: frá starfsháttum til stýringar*, en í þetta sinn snúa þær sér að öðru rannsóknarsviði.



Ása og Hindertje í Noregi í ársbyrjun

RMF á ferð og flugi



Ása, Vera, Þórný og Eyrún fóru í bæjarferð um Rønne á Bornholm



Ása sótti fjögurra daga námskeið í Ródos á Grikklandi um bláa hagkerfið



Eyrún fékk leiðsögn um Kárahnjúkavirkjun



RMF og samstarfsaðilar kynna yfirskrift 34. Nordic symposium on Tourism and Hospitality Research sem mun fara fram í Reykjavík 6.-8. október 2026.

Viðburðir

Mars

Rannsóknardagur RMF haldinn í Hveragerði

Rannsóknardagur RMF var haldinn í ellefta sinn fimmtudaginn 27. mars. Í þetta sinn hittust doktorsnemar, leiðbeinendur og sérfræðingar á Frost og Funa í Hveragerði.

Rannsóknardagurinn er tileinkaður doktorsrannsóknum í ferðamálum á Íslandi. Markmiðið með deginum er að nemendur fái tækifæri til að ræða rannsóknir sínar á jafningjagrundvelli við aðra nemendur og fagmenn á sviðinu.

Í ár tóku sjö doktorsnemar þátt í deginum og kynntu rannsóknir sínar og stöðu þeirra.

- Íris Hrund Halldórsdóttir – Entrepreneurship in rural regions: resilience in tourism
- Yixuan Lu – Framing Icelandic culture: Museum encounters of Chinese tourists in Iceland
- Guðrún Svava Guðmundsdóttir – Sense of belonging: How landscape affects identity through time and place
- Deisi Trindade Maricato – Transformative and liberating pedagogies in higher education tourism studies in an Arctic context
- Magnús Haukur Ásgeirsson – How may we serve thee?
- Tinna Gunnarsdóttir – Stepping stones: The agency of aesthetic engagement and more-than-human relationalities in landscapes
- Barbara Olga Hild – Connecting „research islands“



Aftari röð (v.t.h.): Tinna, Þórhallur Örn Guðlaugsson, Guðrún Dröfn Whitehead, Gunnar Þór Jóhannesson, Guðrún Svava, Íris Hrund, Ása Marta Sveinsdóttir, Magnús Haukur, Edda R. H. Waage, Guðrún Þóra Gunnarsdóttir, Barbara.

Fremsta röð (v.t.h.): Yixuan, Katrín Anna Lund, Eyrún Jenný Bjarnadóttir, Deisi.



Þátttakendur fengu leiðsögn um Hveragarðinn

Maí

Menningarauðlind ferðþjónustunnar

Þann 14. maí stóðu Rannsóknasetur skapandi greina og RMF sameiginlega fyrir fyrir ráðstefnu í Hofi á Akureyri um menningarferðþjónustu og ferðamálastefnu til 2030.

Markmiðið með ráðstefnunni var að skoða samspil og hlutverk menningar í ferðþjónustu. Hluti af málþinginu var hópavinna þar sem unnið var með fjögur þemu: Samstarf og klasahugsun, Markaðs- og kynningarmál, Vörubrúun og fjárfestingar, Gagnasöfn og rannsóknáætlun.

Fjallað var um ráðstefnuna í fréttaskýringarþættinum Spegilinn á RÚV, [hér hægt er að hlusta á umfjöllunina \(hefst á mín. 13:47\)](#).

o

September

Málstofa um sjálfbærni í eyjaferðamennsku

RMF var meðal skipuleggjanda málstofu um eyjaferðamennsku á ráðstefnunni Nordic Symposium on Tourism and Hospitality Research, sem haldin var á Borgundarhólmi frá 17-19. september 2025.

Málstofan bar heitið Monitoring and evaluating sustainability in island tourism og fjallaði um eyjaferðamennsku með áherslu á sjálfbærar aðferðir til að takast á við þær áskoranir sem lítil eyjasamfélög standa frammi fyrir. Málstofan var skipulögð af Ásu Mörtu Sveinsdóttur, sérfræðingi hjá RMF, Laufeyju Haraldsdóttur, lektor hjá Háskólanum á Hólum, og Mauro Ferrante, prófessor hjá Háskólanum í Palermo.

Það var vel mætt á málstofuna þar sem þrjú spennandi fyrirlestrar voru haldnir:

- Antje Neumann - Recognizing the interlinkage between biological and cultural diversity at small island tourism destinations in Iceland
- Ása Marta Sveinsdóttir, Laufey Haraldsdóttir & Mauro Ferrante - GPS tracking of land-based visitors and cruise passengers on a remote Arctic Island destination: visitor behaviour and resident perspectives
- Laufey Haraldsdóttir & Ása Marta Sveinsdóttir - Adapting to change: from fisheries to tourism in northern Iceland sub-islands



Ása Marta kynnti niðurstöður GPS-rakningar í Hrísey og Grímsey



Guðrún Þóra kynnti RMF á Norðurlóðatorgi

RMF kynnt á Norðurlóðatorgi

RMF tók þátt í svokölluðu Norðurlóðatorgi sem haldið var í Háskólanum á Akureyri föstudaginn 26. september. Á torginu kynntu stofnanir á háskólasvæðinu sem vinna að málefnum Norðurlóða starfseminna, fyrst með stuttum kynningum og síðan umræðum á kynningarbasum.

Auk RMF tóku eftirfarandi stofnanir þátt:

- Stofnun Vilhjálms Stefánssonar (SVS)
- Norðurlóðanet Íslands
- Vinnuhópur Norðurskautsráðsins um verndun lífríkis á Norðurlóðum (CAFF)
- Vinnuhópur Norðurskautsráðsins um verndun hafsvæða (PAME)
- Alþjóðlega norðurskautsvísindanefndin (IASC) þátt.

Október

Góðar og þarfar umræður um ferðamannalandið Ísland

RMF stóð fyrir pallborðsumræðum í samstarfi við Háskóla Íslands og Háskólann á Hólum sem hluti af dagskrá Þjóðarspegilsins, árlegrar ráðstefnu félagsvísindasviðs Háskóla Íslands sem fram fór dagana 30.-31. október 2025.

Tilfnið var annars vegar nýleg umfjöllun Heimildinni þar sem ferðapjónusta var tekin fyrir undir fyrirsögninni Ferðamannalandið Ísland: Sáu ferðamenn í fyrsta sinn sem plágu. Þar var kastljósinu beint að ferðapjónustuborpinu Vík í Mýrdal og rætt um álag vegna aukinnar umferðar, gjaldskyld bílastæði, öryggismál, lúxusferðamennsku og áhrif á heilbrigðiskerfi og löggæslu. Margir í ferðapjónustu töldu skorta á að jákvæðar hliðar ferðapjónustunnar kæmu þar fram. Hins vegar var horft til stefnu stjórnvalda í ferðamálum til ársins 2030, þar sem meginmarkmið er að byggja upp arðsama og samkeppnishæfa ferðapjónustu sem er í sátt við land og þjóð.

Þátttakendur í pallborði voru:


- Arnar Már Ólafsson, ferðamálastjóri
- Ingibjörg Sigurðardóttir, deildarstjóri ferðamáladeildar Háskólans á Hólum
- Jón Trausti Reynisson, blaðamaður og framkvæmdastjóri Heimildarinnar
- Kristinn Jónasson, bæjarstjóri Snæfellsbæjar
- Pétur Óskarsson, formaður Samtaka ferðapjónustunnar (SAF)
- Rannveig Ólafsdóttir, prófessor í ferðamálafræði við Háskóla Íslands

Umræðustjóri var Guðrún Þóra Gunnarsdóttir, forstöðumaður RMF.

Í pallborðinu var rætt um hvernig stýra megi ferðapjónustu á sjálfbæran og sanngjarnan hátt. Umræður voru líflegar og þátttakendur sammála um að mikilvægt sé að skapa oftar vettvang til samtals milli ólíkra aðila, bæði úr atvinnulífi, stjórnsýslu, háskólasamfélagi og fjölmiðlum. Einnig var lögð áhersla á að stefnumótun í málaflokknum þurfi að byggja á rannsóknum og traustum gögnum.



V.t.h. Guðrún Þóra, Jón Trausti, Arnar Már, Pétur, Jón Trausti, Ingibjörg og Rannveig.



Góðar umræður mynduðust á fundinum

Nóvember

Vefnámskeið: Efling ábyrgar ferðapjónustu á Norðurlöndunum

RMF tók í annað sinn þátt í að undirbúa og halda vefnámskeið um ábyrga ferðapjónustu á Norðurlöndunum, undir yfirskriftinni Enhancing Responsible Tourism in the Nordic Countries. Í þetta sinn var námskeiðið haldið dagana 11-13 nóvember.

Hver dagur var helgaður ákveðnu þema:

- Dagur 1: Fjölbreytni og inngilding í ferðapjónustu
- Dagur 2: Rannsóknir
- Dagur 3: Þróun ábyrgar ferðapjónustu

Námskeiðinu lauk með pallborðsumræðum um framtíð ferðapjónustunnar sem Guðrún Þóra, forstöðumaður RMF stýrði. Námskeiðið fór fram á ensku og var ætlað jafnt ferðamálanemendum, ferðapjónustuaðilum, rannsakendum og öðrum hagaðilum. Nánari dagskrá námskeiðsins má nálgast [hér](#).

Þrjár doktorsvarnir í ferðamálafræðum

Þrjár vörðu doktorsritgerðir sínar við ferðamálafræði við Háskóla Íslands á árinu. RMF færði þeim öllum blóm að athöfn lokinni.

Um miðjan júní varði **Þórný Barðadóttir**, sérfræðingur hjá RMF, doktorsritgerð sína en ritgerð Þórnýjar nefnist *Hreyfanleiki Melrakkaslétta: Etnógrafísk rannsókn á staðarmyndun, ferðamálum og öðrum hreyfanleika á jaðarsvæðum* (e. Mobilities in Melrakkaslétta. Ethnographic inquiry into placemaking, tourism and other mobilities on the margin).

Í ritgerðinni er fjallað um hvar og hver staðurinn Melrakkaslétta er, hvernig hann hefur þróast og umbreytt í tengslum við meira en-mennskan hreyfanleika. Skoðað er hvernig þessi sami hreyfanleiki hefur áhrif á og myndar miðju og jaðar og áhrif þessa á möguleika fámenns svæðis utan alfaraleiða til uppbyggingar ferðaþjónustu.



Guðrún Þóra færði Þórnýju blóm fyrir hönd RMF

Í lok júní varði **Gyða Þórhallsdóttir** svo doktorsritgerð sína en ritgerð Gyðu ber heitið *Ferðamynstur í tíma og rúmi: Skipulag og stefnumótun fyrir sjálfbæra ferðaþjónustu* (e. Mobility Patterns in Time and Space – Planning and Managing for Sustainable Tourism).

Rannsóknin snýr að því að þróa og meta nýjar aðferðir til að greina ferðamynstur ferðamanna og dregur fram mikilvægar upplýsingar fyrir stefnumótun og skipulagningu sjálfbærrar ferðaþjónustu. Rannsóknin byggir á gögnum frá bifreiðateljorum, gistinóttum og Bluetooth-skynjurum til að greina ferðaleiðir.



Eyrún Jenný færði Gyðu blóm fyrir hönd RMF

Og í september varði **Barbara Olga Hild** doktorsritgerð sína en ritgerðin ber heitið *Öryggi ferðamanna í ævintýraferðamennsku. Hæfni leiðsögumanna og áhættustýring á norðurslóðum* (e. Safety in Arctic Adventure Tourism: Guide Competence and Risk Governance).

Í ritgerðinni er fjallað um tengsl á milli hlutverks og hæfni leiðsögumanna í ævintýraferðamennsku og getu þeirra til að tryggja öryggi á vettvangi. Rannsóknin byggir á fjögurra ára rannsóknarvinnu á Íslandi, Svalbarða og Grænlandi og sýna niðurstöðurnar fram á mikilvægi þess að virkja sérfræðipekkingu leiðsögumanna í stefnumótun, kennslu og viðbragðsáætlunum.



Eyrún Jenný færði Barböru blóm fyrir hönd RMF

Rannsóknasamstarf

Norðurslóðanet Íslands

RMF er einn stofnaðila Norðurslóðanets Íslands - þjónustumiðstöðvar norðurslóðamála. Netið er samstarfsvettvangur stofnana, fyrirtækja og félagsamtaka á Íslandi sem vinna að málefnum norðurslóða.

Norrænt samstarfsnet um eflingu menntunar á sviði ferðamála (TourNord)

RMF var aðili að norrænu samstarfsneti um eflingu menntunar á sviði ferðamála á Norðurlöndunum: TourNord.

Markmið samstarfsnetsins, sem styrkt var af Nordplus, var að stuðla að sjálfbærri þróun ferðaþjónustu á Norðurlöndunum og efla ferðamálanám þannig að nemendur verði reiðubúnir að takast á við áskoranir framtíðarinnar á sviði ferðaþjónustu. Samstarfsnetið var hugsað sem vettvangur fyrir norrænar mennta- og rannsóknastofnanir til þess að miðla vel heppnuðum aðferðum og leiðum til þekkingarþróunar á sviði ferðamála. Á vegum samstarfsnetsins voru haldnir reglulegir vinnufundir á árunum 2021 – 2024 í því skyni að stuðla að virkara samstarfi þátttakanda í verkefninu og efla samstarf á sviði náms, nýsköpunar og rannsókna. Árið 2025 voru haldnir tveir netfundir en þar sem fjármögnun var ekki til staðar var ekki um að ræða fleiri staðbundna vinnufundi.

Rannsóknarhópur um félagsleg áhrif ferðamennsku

Rannsóknarhópurinn á rætur að rekja til ársins 2014 þegar fyrstu kannanir á viðhorfum Íslendinga til ferðamanna og ferðaþjónustu voru gerðar í samstarfi Rannsóknamiðstöðvar ferðamála, Háskólans á Hólum og Ferðamálastofu. Markmið hópsins eru að efla þekkingu og skilning á félagslegum áhrifum ferðamennsku á breiðum grunni.

Á árinu kom út ritrýnd grein um viðhorf og upplifun íbúa á Íslandi gagnvart samfélagslegum áhrifum ferðaþjónustu. Höfundar greinarinnar eru Eyrún Jenný Bjarnadóttir, Guðrún Helgadóttir, Georgette Leah Burns og Guðrún Þóra Gunnarsdóttir. Greinin birtist í tímaritinu Journal of Arctic Tourism og má nálgast hana hér: Keeping Calm on the Tourism Roller-Coaster: Resident Attitudes and Perceptions of Social Impacts over Time


Rannsóknarnet um akstursferðamennsku á dreifbýlum svæðum (RDTRN)

Rannsóknarnetið RDTRN (Rural Drive Tourism Research Network) er samstarfsvettvangur rannsækenda og fræðafólks um akstursferðamennsku, dreifbýlisferðamennsku og ferðamannaleiðir. Samstarfsnetið var stofnað haustið 2024 í kjölfar málstofu RMF um akstursferðamennsku í dreifbýli á Ráðstefnunni 32. Nordic Symposium on Tourism and Hospitality Research sem haldin var í september í Stavanger, Noregi. Markmið RDTRN er að koma á og fylgja eftir tengslum milli fræðafólks sem þegar vinna að slíkum rannsóknum og þeirra sem áhuga hafa á þessum hluta ferðaþjónustunnar.

Á árinu stóð hópurinn að kalli eftir greinum í sérhefti tímaritsins Scandinavian Journal of Hospitality and Tourism undir heitinu Rural Drive Tourism: Navigating Futures through Mobility, Infrastructure and Experience. Sérheftið, sem væntanlegt er 2026, fjallar um ferðamennsku í dreifbýli og hvernig hreyfanleiki, vegainviðir og ferðamannaleiðir móta upplifun ferðamanna og hafa áhrif á samfélög í dreifðum byggðum. Meðal ritstjóra sérheftisins eru Þórný Barðadóttir og Eyrún Jenný Bjarnadóttir, sérfræðingar RMF.

Auk þessa tók hluti rannsóknansins þátt í 33. Nordic Symposium on Hospitality and Tourism Research (NS33), sem haldin var á Borgundarhólmi í Danmörku í september.

Með umsjón rannsóknansins fara Þórný Barðadóttir og Eyrún Jenný Bjarnadóttir, sérfræðingar RMF.



Þórný og Eyrún héldu fyrirlestra um akstursferðamennsku á NS33.

RethinkBlue: Samstarfsnet um bláa hagkerfið

Rannsóknamiðstöð ferðamála tekur þátt í alþjóðlegu rannsóknasamstarfsneti er ber heitið Endurskoðun Bláa hagkerfisins: félags- og vistfræðileg áhrif og tækifæri (Rethinking the Blue Economy: Socio-Ecological Impacts and Opportunities) og er fjármagnað af COST áætluninni (European Cooperation in Science & Technology). Markmið samstarfsnetsins er að meta áhrif og tækifæri sem skapast með bláa hagkerfinu, með áherslu á sjálfbærni. Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu RethinkBlue. RMF er partur af vinnuhópi þrjú, Hafnarborgir og strandbyggðir.

Ásu Mörtu Sveinsdóttur, sérfræðingi RMF, var boðið að taka þátt í fjögurra daga dags námskeiði, sem Aegean Háskólinn í Ródos á Grikklandi hélt, sem bar heitið The Blue Impact Lab: Sustainability Impact Assessment of Blue Economy Strategies in Island and Coastal Regions.

Frekari upplýsingar um samstarfsnetið veitir Ása Marta Sveinsdóttir [asamarta@rmf.is], sérfræðingur hjá RMF.

Samstarfsnet um ferðamennsku á norðurslóðum

RMF er þátttakandi í samstarfsneti sem vinnur að því að efla þekkingu um ferðabjónustu á norðurslóðum. Samstarfsnetið, sem ber heitið Thematic Network on Northern Tourism, leggur áherslu á þverfaglegar rannsóknir og fræðslu sem byggja á staðbundinni þekkingu og nýttast samfélögum á svæðinu.

Frekari upplýsingar veitir Pat Maher [ptmaher@nipissingu.ca].

Samstarfsnet um rannsóknir á eyjasamfélögum á norðurslóðum

RMF er aðili að samstarfsneti um rannsóknir á norðurslóðum. Meginmarkmið samstarfsins er að finna leiðir til að þróa öflug og sjálfbær eyjasamfélög. Að samstarfsnetinu koma 20 aðilar víðs vegar frá Norður-Atlantshafssvæðinu.

Samtök um ferðamálarannsóknir á norðurslóðum (IPTRN)

Alþjóðleg samtök sérfræðinga á sviði ferðamálarannsóknna á heimskautasvæðum. Samtökin leggja áherslu á þekkingarsköpun og -miðlun þar sem mismunandi sjónarmið fá hljómgrunn.

Vísindaráð Island Innovation

RMF er aðili að Vísindaráði Island Innovation sem er sérfræðiráðgjöf sem sérhæfir sig í nýsköpun og sjálfbærri þróun fyrir eyjasamfélög.

Vísindaráðið miðlar vísindalegri þekkingu til að styðja við sjálfbæra þróun eyja. Markmiðið er að auðvelda tengslamyndun og samstarf milli eyjasamfélaga og fræðastofnana og hvetur til miðlunar fræðirannsóknna til hagsmunaaðila. Aðilar vísindaráðsins eru stofnanir sem stuðla að rannsóknum er varða sérstaklega málefni eyja. Nánari upplýsingar má finna á vef Island Innovation.

Ása Marta Sveinsdóttir (asamarta@rmf.is) er fulltrúi RMF í Vísindaráði Island Innovation.



Ása ásamt öðrum þátttakendum á The Blue Impact Lab námskeiðinu á Ródos í Grikklandi

Útgefið efni eftir starfsfólk RMF



Í friðlandi að Fjallabaki

Ása Marta Sveinsdóttir (2025). *Lýðvísindi og ferðamennska*. Rannsóknamiðstöð ferðamála

Barðadóttir, Þ. (2025). Reaching the edge of the Arctic: tourism mobilities in rural Iceland. *Polar Geography*, 48(4), 299–315. <https://doi.org/10.1080/1088937X.2025.2548202>

Bjarnadóttir, E. J., Helgadóttir, G., Burns, G. L., & Gunnarsdóttir, G. Þ. (2025). Keeping calm on the tourism roller-coaster: Resident attitudes and perceptions of social impacts over time. *Journal of Arctic Tourism*, 3(2), 1–16. <https://doi.org/10.33112/arctour.3.2.1>

Eyrún Jenný Bjarnadóttir. (2025). *Beint frá Akureyri: Landamærakönnun meðal erlendra ferðamanna veturinn 2024-2025*. Rannsóknamiðstöð ferðamála.

Eyrún Jenný Bjarnadóttir. (2025). *Ferðamennska á virkjanasvæðum: Upplifun við Kárahnjúka sumarið 2025*. Rannsóknamiðstöð ferðamála.

Perrson-Fischier, U., Wigger, K., Olsen, J. & Sveinsdóttir, Á. M. (2025). Managing cruise volume at Nordic cruise destinations. *Scandinavian Journal of Hospitality and Tourism*, 25(3), 283-300. <https://doi.org/10.1080/15022250.2025.2499269>

Sveinsdóttir, Á. M., Haraldsdóttir, L. & Ferrante, M. (2025). GPS Tracking of Land-Based Visitors and Cruise Passengers on a Remote Arctic Island Destination: Visitor Behaviour and Resident Perspectives. *Scandinavian Journal of Hospitality and Tourism*, 25(4), 307-329. <https://doi.org/10.1080/15022250.2025.2461458>

Sveinsdóttir, Á. M. & Rudolph, G. (2025). *Citizen Science in Whale-watching tours*. Icelandic Tourism Research Centre.

Stewart, E. J., Liggett, D., Senigaglia, V., Lubiana Botelho, L., Badhe, R., Caymaz, E., Goh, H.C., Gunnarsdóttir, G. Þ., Inagaki, O., Lamers, M., Roldan, G., Simunaniemi, A., Varnajot, A., Yermakova, Y., & Zhang, M. (2025). A Global Review of the Trends and Themes in Polar Tourism Scholarship. In A. Varnajot, M. Vereda, & D. Ioannides. (Eds.), *Polar Tourism and Communities: Experiences, Knowledge Building, Challenges and Opportunities*, 23–43). CABI.

Þórný Barðadóttir. (2025). „Bara, gangi öllum vel“. *Aðkoma og sýn heimafólks á uppbyggingu nýrra ferðamannaleiða um fámenn svæði*. Rannsóknamiðstöð ferðamála.

Þórný Barðadóttir. (2025). „Vondur vegur en víðsýnið frábært“. *Áhrif ferðamannaleiða og ástands vegakerfis á leiðir ferðamanna um dreifðar byggðir*. Rannsóknamiðstöð ferðamála.

Fyrirlestrar og erindi



Við Kárahnjúka

Ása Marta Sveinsdóttir. (2025, 18. september). *GPS tracking of land-based visitors and cruise passengers on a remote Arctic Island destination: visitor behaviour and resident perspectives* [Erindi á ráðstefnu]. 33. Nordic Symposium on Tourism and Hospitality Research. Borgundarhólmi, Danmörku.

Eyrún Jenný Bjarnadóttir, Guðrún Þóra Gunnarsdóttir og Íris H. Halldórsdóttir. (2025, 17.-19. september). *Tourist experiences and consumption in landscapes of renewable energy* [Erindi á ráðstefnu]. 33. Nordic Symposium on Tourism and Hospitality Research, Borgundarhólmi, Danmörku.

Eyrún Jenný Bjarnadóttir. (2025, 17.-19. september). *Branded routes on bumpy roads: Infrastructure and tourism collaboration* [Erindi á ráðstefnu]. 33. Nordic Symposium on Tourism and Hospitality Research, Borgundarhólmi, Danmörku.

Gunnar Þór Jóhannesson og Eyrún Jenný Bjarnadóttir. (2025, 23.-24. maí). *Hvað finnst almenningi um ferðaþjónustu? Greining og samanburður á könnunum á viðhorfi fólks til ferðaþjónustu 2014 - 2023* [Erindi á ráðstefnu]. XVII Ráðstefnan um íslenska þjóðfélagið, Háskólinn á Hólum.

Vera Vilhjálmsdóttir. (2025, 30. maí). *Unlocking the potential for immersive literary and film tourism in rural communities* [Erindi á ráðstefnu]. *Unlocking the power of rural CCIs. The intersection of culture, creativity and entrepreneurship*, Reykjavík, Ísland.

Vera Vilhjálmsdóttir. (2025, 19. september). *Immersive Technologies in Literary and Film Tourism: Opportunities & Challenges* [Erindi á ráðstefnu]. 33. Nordic Symposium on Tourism and Hospitality Research, Borgundarhólmi, Danmörku.

Þórný Barðadóttir. (2025, 23.-24. maí 2025). *Leiðin í norðri. Af uppbyggingu ferðaþjónustu og ferðamannaleið um dreifbýli* [Erindi á ráðstefnu]. XVII Ráðstefnan um íslenska þjóðfélagið, Háskólinn á Hólum.

Þórný Barðadóttir. (2025, 19. september). *Of Routes and Northern Roads. Tourism Development in Rural Iceland* [Erindi á ráðstefnu]. 33. Nordic Symposium on Tourism and Hospitality Research, Borgundarhólmi, Danmörku.

Rekstrarreikningur ársins 2025



Horft í átt að Hafnarfjalli og Snóksfjalli

	Fjárhagsáætlun 2025	Fjárhagsáætlun 2024	Raun/ áætlun	Rauntölur 2025	Rauntölur 2024
Rekstrartekjur:					
00 Sértekjur	86.017.252	78.804.000	84%	72.392.116	80.561.620
	<u>86.017.252</u>	<u>78.804.000</u>	<u>84%</u>	<u>72.392.116</u>	<u>80.561.620</u>
Rekstrargjöld:					
01 Laun og launatengd gjöld	72.301.316	64.297.152	99%	71.417.035	64.517.724
02 Ferðir og fundir	3.452.000	3.938.000	71%	2.467.727	2.446.286
03 Rekstrarvörur	862.600	969.000	134%	1.152.587	1.040.626
04 Aðkeypt þjónusta	6.401.000	6.592.000	90%	5.774.648	9.825.991
05 Húsnæði	3.017.256	2.904.000	100%	3.017.256	2.904.000
	<u>86.034.172</u>	<u>78.700.152</u>	<u>97%</u>	<u>83.829.253</u>	<u>80.734.627</u>
072 Afskriftir	0	0	0%	0	0
	<u>86.034.172</u>	<u>78.700.152</u>	<u>97%</u>	<u>83.829.253</u>	<u>80.734.627</u>
Rekstrarhagnaður (tap) án fjármagnsliða	(16.920)	103.848	0%	(11.437.137)	(173.007)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):					
071 Vextir, gengismunur, bætur og skattar	0	0	0%	0	124.405
	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0%</u>	<u>0</u>	<u>124.405</u>
Hagnaður (tap) ársins	<u>(16.920)</u>	<u>103.848</u>	<u>0%</u>	<u>(11.437.137)</u>	<u>(297.412)</u>



RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ
FERÐAMÁLA

ICELANDIC TOURISM
RESEARCH CENTRE

2026